



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis  
b.t. Helgu E. Þórisdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. júní 2002

Sam 216/2002 ÞS/sp  
Tilv.: 215,0

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 127/2278*  
*komudagur 25.6.2002*

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 14. júní, var lagt fram bréf frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 29. apríl 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 586. mál, EES-reglur.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

*Þórður Skúlason*

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri



## Umsögn

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

#### um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Stjórn sambandsins gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en hvetur til þess að athugasemdir frá fagaðilum innan sveitarfélagageirans séu skoðaðar gaumgæfilega.

Með frumvarpi þessu er verið að innleiða tilskipun Evrópuráðsins 1999/31/EB, um urðun úrgangs frá 26. apríl 1999. Innleiðing tilskipunarinnar og þar með þessa frumvarps hefur í för með sér ýmsar breytingar og auknar kröfur vegna umhverfisþátta við meðhöndlun úrgangs. Ljóst er að slíkt mun hafa verulegan kostnaðarauka í för með sér fyrir sveitarfélög sem bera ábyrgð á þessum málaflokki. Hver kostnaðaraukinn verður er hins vegar afar erfitt að meta en hann getur þó hlaupið á verulegum fjárhæðum sem geta numið á annan milljarð á ári. Þau atriði sem helst hafa áhrif og valda þeirri óvissu sem er varðandi kostnaðinn eru m.a. að tilskipunin og löggin gera ráð fyrir ákveðnum aðlögunartíma. Því mun kostnaðaraukinn koma fram á nokkuð löngum tíma og ekki er ljóst hvenær innan aðlögunartímans einstaka sveitarfélög uppfylla skilyrði laganna. Einnig er mjög líklegt að sveitarfélög muni sameinast um urðunarstaði og að þeir verði mun færri en nú er. Enn eitt atriði sem veldur óvissu í þessum efnum er að væntanleg reglugerð sem sett verður á grundvelli laganna mun hafa veruleg áhrif á þann kostnað sem hlýst af meðhöndlun úrgangs.

Stjórn sambandsins leggur því til að kannað verði á hverju ári þar til afleiðingar laganna eru að fullu komnar í ljós hversu mikill kostnaður er fólgin í meðhöndlun úrgangs. Að lokinni slíkri árlegri könnun verði sveitarfélögunum jafnhliða tryggðir fjármunir til þess að standa undir þeim kostnaðarauka sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sveitarfélögin til að standa undir.

Að því gefnu að samhliða samþykkt frumvarpsins verði gengið frá slíku samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga gerir stjórnin ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Samþykkt á fundi stjórnar sambandsins 14. júní 2002.

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri